

# Heimsljós Hátíðin

Mosfellsbær 9. – 12. September

## Dagur heildrænar heilsu - líkami - sál

Laugardagur 11. sept

Þar gefst þeim sem vinna að mannrækt í viðtækum skilningi kostur á að kynna sig og það sem þeir eru að fást við.

Möguleg aðkoma og framsetning á kynningu væri:

1. Vera með almenna kynningu við borð, og dreifa ítarefni.
2. Bjóða upp á stutta kynningartíma c.a. 20 mín. í lokuðu rými.
3. Fyrirlestrar.
4. Ör-námskeið eða annað samráði við Heimsljós.

Þeir sem kunna að hafa áhuga á að taka þátt, vinsamlegast hafið samband við [gudmundur@heimsljos.is](mailto:gudmundur@heimsljos.is) eða í gegnum heimasíðu okkar [www.heimsljos.is](http://www.heimsljos.is)

Þátttökugjald er 3000 kr.

## DAGSKRÁLÍÐIR HEIMSLJÓS

---

### Ljósíð innst í þínu hjarta

Prajnaparamita er uppljómaður meistari frá Hollandi. Hún er einn þekktasti andlegi



kennari Hollands og einkennist öll hennar nærvera og kennsla af gleði, ljósi, innsæi og djúpri visku. Prajnaparamita er menntuð sem sálfræðingur og hefur dvalið af og til á Indlandi síðustu 25 ár með meistara sínum ShantiMayi.

Prajnaparamita verður með satsang dagana 9. til 12. september í Lágafellsskóla, Mosfellsbæ.

Satsang er námskeiðsform sem byggt er á ævafornri indverskri hefð. Á námskeiðinu verður litið á helstu hindranir sem geta staðið í vegi þess að fólk nái að lifa gleðina og ljósið sem býr innst í hjarta sérhvers manns. Með henni í för verður einnig flokkur 8 tónlistarmanna sem sérhæfa sig í trúarsöngvum víðsvegar úr veröldinni.

Satsang með Prajnaparamita verður á eftirfarandi tímum:

|             |          |                   |                  |
|-------------|----------|-------------------|------------------|
| Fimmtudagur | 9. sept  | kl: 19:30 - 22:00 | í Lágafellsskóla |
| Föstudagur  | 10. sept | kl: 19:30 - 22:00 | í Lágafellsskóla |
| Laugardagur | 11. sept | kl: 10:30 - 13:00 | í Lágafellsskóla |
| Laugardagur | 11. sept | kl: 19:30 - 22:00 | í Lágafellsskóla |
| Sunnudagur  | 12. sept | kl: 10:30 - 13:00 | í Lágafellsskóla |
| Sunnudagur  | 12. sept | kl: 19:30 - 22:00 | í Lágafellsskóla |

---

---

## Dagur heildrænar heilsu • líkami • sál



Dagur heildrænar heilsu verður haldinn laugardaginn 11.09.2010 í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ. Þar gefst kostur á að kynna sér ýmislegt sem viðkemur líkama og sál. Fjöldi áhugaverðra fyrirlestra verða í gangi yfir daginn, sem og styttri kynningar og ör-námskeið.

Fólki verður boðið upp á að fara í stutta kynningatíma og getur það verið allt frá nuddi til dáleiðslu.

Í lok dags verður boðið upp á hópheilun.

Dagskráin verður sem hér segir:

|                    |                 |                          |   |
|--------------------|-----------------|--------------------------|---|
| <b>Laugardagur</b> | <b>11. sept</b> | <b>kl: 11:00 - 17:00</b> | <b>Kynningar og fyrirlestrar í Lágafellsskóla</b> |
| <b>Laugardagur</b> | <b>11. sept</b> | <b>kl: 17:00 - 18:00</b> | <b>Hópheilun í Lágafellsskóla</b>                 |

---

## Ísland • Friður • Ljós

Ísland friður ljós, er útisamkoma sem haldin verður sunnudaginn 12.09.2010 í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ.



Fjöldi fólks mun koma fram og verða hugvekjur um frið og ljós. Vættir landsins ákallaðar og beðið fyrir fyrir Íslandi. Einnig munu koma fram tónlistarfólk bæði íslenskt og erlent.

Nokkur fjöldi fólks frá Hollandi mun taka þátt í samkomunni og leggja sitt af mörkum til að hleypa ljósi og von í hjarta Íslensku þjóðarinnar.

Dagskráin verður sem hér segir:

|                   |                 |                          |   |
|-------------------|-----------------|--------------------------|---|
| <b>Sunnudagur</b> | <b>12. sept</b> | <b>kl: 15:00 - 17:00</b> | <b>Ísland friður ljós, Álafosskvosin í Mosfellsbæ</b> |
|-------------------|-----------------|--------------------------|---|

---

**SJÁ NÁNAR UM DAGSKRÁ HEIMSLJÓS Á**

[WWW.HEIMSLJOS.IS](http://WWW.HEIMSLJOS.IS)